

Aðalnámskráin leggur línurnar

Grunnskólum á Íslandi er ætlað að fylgja þeim lögum og reglugerðum sem sett eru á hverjum tíma. Í skólastarfi Tjarnarskóla er leitast við að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fram af hálfu skólayfirvalda og skólinn lýtur sama eftirliti og aðrir grunnskólar í Reykjavíkurborg. Auk þess er kappkostað að skólastarfið mótist af eigin skólamenningu og áherslum sem kosið er að nefna „Tjarnarskólataktinn“.

Innleiðing nýrrar aðalnámskrár stendur nú yfir og umræða og breytingar sem henni fylgja eru þegar farnar af stað í skólanum. Leitast verður við að skólastarfið verði í takt við nýja aðalnámskrá á því aðlögunartímabili sem veitt er þar til hún tekur fullt gildi.

